

**Ed.**

**179. Breytingartillögur**

[44. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, KJ, LJ og ÞK).

1. Á eftir 34. gr. frv. komi tvær nýjar greinar og breytist röð greina samkv. því. Greinarnar orðist svo:

- a. (35. gr.) 67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir:

Af fyrstu 2 500 000 kr. tekjuskattsstofni reiknast 15%, af næstu 3 500 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 30%, en af tekjuskattsstofni yfir 6 000 000 kr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 7% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

- b. (36. gr.) 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 400 000 kr.

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. másl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða sjúkratryggingargjald hans á gjaldárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur, sem enn er óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. og skal þá þessi óráðstafaði hluti persónuafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. másl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða sjúkratryggingargjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.

2. Við 35. gr. frv., er verði 37. gr., bætist nýr stafliður sem orðist svo:

- a) 1. mgr. 69. gr. laganna orðist svo:

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 140 000 kr. með fyrsta barni, en 215 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en 7 ára á tekjuárinu skulu barnabætur vera 55 000 kr. hærri. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ætíð vera 270 000 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

3. Á eftir 49. gr. frv., er verði 51. gr., bætist ný grein er verði 52. gr. og breytist röð greina samkv. því. Greinin orðist svo:

116. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 2. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1981.